

Alcoa Fjarðaál
Hrauni 1
730 Reyðarfjörður

22. desember 2025
UOS2501364/K.G.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 23. október 2025

Þann 23. október sl. fór fram reglubundið eftirlit í Alcoa Fjarðaál. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

1. Rekstraraðila er bent á að skoða hvað betur má fara í rekstri í skautsmiðju og hvort draga megi úr styrk ryks í ryksafnara.

Eitt frávik kom fram í eftirlitinu er varðar:

1. Frávik frá gr. 3.4 í starfsleyfi. Starfsleyfismörk fyrir rykmagn í útblásturslofti vegna löndunar súrals, álflúoríðs og annarra hráefna, geymslu þeirra, meðhöndlunar og flutnings eru 10 mg/Nm³. Rykmagn í útblásturslofti í löndunarbúnaði yfir starfsleyfismörkum. Þar var niðurstaða 11,6 mg/Nm³. Frávikið er opið.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en **19. janúar 2026**.

Virðingarfyllst,

Kjartan Guðmundsson

Sérfræðingur í teymi eftirlits

Ágúst Már Sigurðsson

Lögfræðingur í teymi eftirlits